



## Reglur Hvalfjarðarsveitar um heimagreiðslu til foreldra

### Skilgreiningar

1.gr.

Allir foreldrar og forráðamenn barna geta sótt um heimagreiðslur frá lokum fæðingarorlofs þar til barn hefur leikskólavist eða þegar barn nær 18 mánaða aldri.

Hámarksupphæð heimagreiðslu er kr. 45.000.- á mánuði fyrir hvert barn.

Upphæðina skal endurskoða í desember ár hvert.

Heimagreiðslur til foreldra eru skattfrjálsar en framtalsskyldar.

### Skilyrði

2.gr.

Heimagreiðsla er bundin því að barn sé með lögheimili og aðsetur í Hvalfjarðarsveit.

Einstæðir foreldrar eiga rétt á heimagreiðslu þegar barn nær 8 mánaða aldri en foreldrar í hjúskap eða sambúð þegar barn nær 12 mánaða aldri.

Heimagreiðsla fellur niður þegar barn hefur dvöl í leikskóla, fær vistun hjá dagforeldrum eða þegar barn hefur náð 18 mánaða aldri.

Heimagreiðslur falla niður ef foreldrar fá samþykki fyrir niðurgreiðslum vegna daggæslu í heimahúsi eða boð um leikskólavistun í leikskóla Skýjaborgar, hvort sem leikskólavist er þegin eða henni hafnað.

### Afgreiðsla

3.gr.

Sækja þarf um heimagreiðslu á sérstöku umsóknareyðublaði. Hægt er að sækja um rafrænt á heimasíðu Hvalfjarðarsveitar, hvalfjardarsveit.is. Móttaka umsókna og afgreiðsla er hjá skrifstofu sveitarfélagsins.

Réttur til heimagreiðslu skapast í þeim mánuði sem sótt er um heimagreiðslu, ekki er um afturvirkar greiðslur að ræða

Umsókn þarf að berast fyrir 20. dag mánaðar til að geta komið til útborgunar um mánaðarmótin þar á eftir. Heimagreiðslur eru eftirágreiddar fyrir einn mánuð í senn.

Útborgun heimagreiðslu er þriðja (3.) virka dag hvers mánaðar.

### **Viðurlög**

4.gr.

Verði um ofgreiðslu að ræða á heimagreiðslum áskilur sveitarstjórn sér rétt til endurgreiðslu. Sé ofgreiðsla á grundvelli þess að umsækjandi hafi gefið upp rangar upplýsingar eða hann hafi ekki tilkynnt um breytingar á högum sínum sem hafa áhrif á rétt til heimagreiðslu er heimilt að leggja dráttarvexti á upphæð endurkröfunnar.

*Reglurnar voru yfirfarnar og samþykktar í sveitarstjórn  
Hvalfjarðarsveitar 14.12.2021*

Reglur þessar voru uppfærðar og samþykktar í Fjölskyldu- og frístundanefnd 8. desember 2021.  
**Samþykkt í sveitarstjórn Hvalfjarðarsveit 14.12.2021.**